



Þar ríkir fegurðin ein

Öld með Halldóri Laxness

Sýning í Þjóðarbókhöllu 23. mars til 31. desember 2002

Þeir sem aðstoðuðu við sýninguna voru Einar Laxness sagnfræðingur, Helgi Braga ljósmyndari safnsins, Jökull Sævarsson sagnfræðingur og bókavörður, Kári Bjarnason handritavörður, Ragnhildur Helga Ragnarsdóttir tölvunarfræðinemi, Ögmundur Helgason forstöðumaður handritadeildar og Örn Hrafnkelsson sagnfræðingur og bókavörður.

Albert Ingason smiður og Ólafur Guðnason smiður, hústjóri safnsins, höfðu umsjón með uppsetningu sýningarinnar.

Ljósmyndir á sýningunni og í sýningarskrá eru fengnar frá frú Auði Sveinsdóttur og fjölskyldu, Einari Laxness, syni skáldsins, Jóhannesi Long ljósmyndara, Grími Bjarnasyni ljósmyndara, Jóhönnu Ólafsdóttur ljósmyndara, Óla Páli Kristjánssyni ljósmyndara, Sigfúsi Má Péturssyni ljósmyndara, Troels Bendtsen, Páli A. Pálssyni ljósmyndara, Vigni ljósmyndara, Finni Arnari Arnarsyni leikmyndahöfund, Þjóðleikhúsinu, Ríkisútvarpinu, Morgunblaðinu, Eddu – miðun og útgáfu, Leikfélagi Akureyrar og Borgarskjalasafni.

© Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn 2002

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN

Anglimsgötu 3, 107 Reykjavík

www.bok.is

Witjörn: Emillía Sigmarsdóttir

og Ólafur J. Engilbertsson

Unntext: Örn Hrafnkelsson

Hönnun: Ólafur J. Engilbertsson

Þröngur: Stakrana prentstofa – Leturprent

ISBN 9979-800-67-4

Inngangsorð

Ágæti sýningargestur

Í tilefni af aldarminningu Halldórs Kiljans Laxness rithöfundar verður opnuð í dag, laugardaginn 23. mars 2002, yfirlitssýning í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni sem ber heitið *Þar ríkir legurðin ein – Óld með Halldóri Laxness*. Fyrri hluti titilsins er fenginn úr einu af meistaraverkum skáldsins, *Fegurð himinsins*, fjórðu bók *Heimsljós*.

Landsbókasafni varðveitir flestöfl handrit Halldórs, fjölmörg bréf til og frá honum, og allar íslenskar útgáfur verka hans og flestar ef ekki allar þýðingar.

Sýningin er í fjórum sýningarrýmum og byrjar strax á göngu-brú inn í safnið. Hvert sýningarsvæði varpar ljósi á ákveðið tímabil í ævi skáldsins, og um leið er reynt að draga fram mismunandi birtingarform verka þess, hvort heldur þau birtast sem saga, leikverk á sviði eða kvikmynd. Áhersla er lögð á helstu verk Halldórs áður en hann hlaut Nóbelsverðlaunin 1955.

Á göngubrúnni er lífshlaup Halldórs rakið allt frá fæðingarári hans 1902 til ársins 1930. Síðan er gengið inn í umhverfi þar sem hvert bókmenntaverkið af öðru breiðir úr sér. *Salka Valka*, *Sjálfstætt fólk*, *Heimsljós*, *Íslandsklukkan*, *Atómstöðin*, *Brekkukotsannáll*, *Paradísarheimt* og *Kristnihald undir Jökli*, ásamt leikritum Halldórs. Í forsal þjóðdeildar er *Gerpla* í brennidepli, en í ár er hálð öld liðin frá fyrstu útgáfu hennar. *Gerpla* hefur verið þýdd á elleftu tungumál og nú í apríl, afmælismanuði Halldórs, kemur hún út í

færeyskri þýðingu Martins Næs, landsbókavarðar Færeyja, og konu hans Þóru Þóroddsdóttur.

Ýmsir persónulegir munir Halldórs prýða sýninguna, heiðursviðurkenningar svo og leikmunir frá sviðsetningum verka hans. Einnig eru ljósmyndir frá nánast öllu lífshlaupi skáldsins. Þá leitaði safnið til tíu einstaklinga, skálda, bókmenntafræðinga og sagnfræðinga og bað þá að rita nokkur orð um verk Halldórs. Greinamar birtast í þessu riti.

Heimasíða hefur verið gerð um sýninguna og efni henni tengt, svo sem ritaskrá skáldsins, greinar og myndir. Þar er einnig að finna kynningu á *Ritmennt 7*, ársriti Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, sem nú birtir eingöngu greinar um Halldór Laxness. Af því tilefni kemur *Ritmennt* einnig út sem sérútgáfa með sömu yfirskrift og sýningin *Þar ríkir legurðin ein – Óld með Halldóri Laxness*.

Hönnun sýningarinnar og textagerð var í höndum Ólafs J. Engilbertssonar og Emillíu Sigmarsdóttur.

Sýningin er meðal hinna stærstu sem safnið hefur sett upp, og er von okkar að gestir safnsins njóti vel samþygdarinnar við höfuðskáld Íslendinga á öldinni sem leið.

Emillía Sigmarsdóttir



Handrit Halldórs Laxness

Hinn 16. nóvember 1996 – í fyrsta sinn er haldið var upp á dag íslenskrar tungu – afhenti Auður Sveinsdóttir handritasafn manns síns, Halldórs Laxness, til varðveislu í Landsbókasafni. Forsögu þess að farið var að vista handrit í safninu má óbeint rekja allt til dauða Árna Magnússonar, handritasafnarans mikla, árið 1730, en eftir hans dag féll að heita má niður söfnun íslenskra handrita þar til 1846 að hér heima var tekinn upp þráðurinn með sama sniði og í Konungsbókhlöðu í Kaupmannahöfn. Má fullyrða að löngu hafi verið orðið tímabært að safna og finna opinberan samastað þeim leifum fornra fræða, sem enn fyrirfundust meðal landsmanna, ásamt yngri afskriftum af eldri ritum, sem og síðari tíma efni, er margfaldast hafði við aukið framboð af sífellt ódýrari pappir.

Þá er þess að geta, að enda þótt liðnar væru um það bil þrjár aldir frá því prentverk var flutt til landsins, hafði næstum ekkert verið gefið út af öðru en kristlegu efni, svo segja má, að hér hafi enn verið það sem nefna mætti handritaöld hvað viðvek veraldlegum bókmenntum. Einnig urðu fljótlega svo eftirsótt og jafnframt fágæt ýmis þau ritverk, sem sett höfðu verið á þrykk, að bókhnegðir menn skrifuðu upp texta þeirra, og gengu þau því samhliða í afskriftum meðal fróðleikspyrstrar alþýðu. Eru dæmi um það, að sumar þessara bóka séu nú jafnvel eingöngu varðveittar í uppskriftum innan veggja Landsbókasafns.

Þegar fram liðu stundir varð handritasafn Landsbókasafns langstærsta safn íslenskra handrita. Þar er nú meðal annars að

finna eiginhandarrit flestallra nafnkenndra íslenskra skálda og rithöfunda, að minnsta kosti frá því á rómantíska tímabilinu á fyrri hluta 19. aldar og allt til þessa dags – eða með öðrum orðum frá Jónasi Hallgrímssyni til Halldórs Laxness.

Fyrstu handrit Halldórs Laxness, sem bárust handritadeild, komu reyndar ekki frá honum sjálfum, heldur Sigurði Nordal prófessor um 1960. Það var *Íslandsklukkan*, sem Halldór hafði gefið Sigurði. Áður hafði þetta handrit verið láð Konungsbókhlöðu í Stokkhólmi, þar sem Peter Hallberg tók það til rannsóknar, en hann ritaði síðan langa grein um niðurstöður sínar í *Árbók Landsbókasafns*, sem kom út árið 1957. Sigurði bjó manna ljósast í huga, hvar þessari þjóðargærsemi bæri endanlegur varðveislustaður.

Upp úr 1960 hóf Halldór einnig að vista handrit sín í handrita-deild, og kom útgefandi hans, Ragnar Jónsson, þar jafnframt við sögu. Eftir að Halldór missti heilsuna gerði Auður, kona hans, gangskór að því að læra öll gögn hans hingað til varðveislu, eins og fyrr segir. Verður henni seint fullþakkað. Auk sjálfrá handritanna að verkum Halldórs, ber helst að nefna stórt bréfasafn, sem án efa mun verða fræðimönnum drjúgur rannsóknarsjóður á komandi árum.

Óþarft er að fara mörgum orðum um rithöfundarferil Halldórs Laxness, svo kunnur sem hann er með þjóðinni. Halldór gaf út fyrstu bók sína aðeins 17 ára að aldri árið 1919. Hann fékk Nóbelsverðlaunin í bókmenntum 1955, er skipuðu honum á bekk með heistu rithöfundum liðinnar aldar. Síðasta frumsamda verk hans kom út 1980. Ritsafn Halldórs losar nú 50 bindi í útgáfu Vöku-Helgafells. Árið 2002 höfðu verk hans verið þýdd svo kunnugt væri á 42 tungumál, samkvæmt skrá Haralds

Sigurðssonar og Sigríðar Helgadóttur, með viðbótum Jökuls Sævarssonar sem má finna á heimasíðu Landsbókasafns.

Þegar bókaunnendur leida hugann að verkum ritsnillinga á borð við Halldór Laxness, verður þeim gjarnan á að ætla, að slíkir höfundar hafi ekki þurft að hafa mikið fyrir hlutunum. Svo sjálf-sagður sem textinn lítur út fyrir augum hins aðdáunarfulla lesanda er því líkast sem verkin hafi samið sig sjálf. Þessu er þó sjáðnast varið á þann veg. Því aðeins verða menn afburðamenn, að þeir beiti sig þrotlausum aga í að kalla má óendanlegri glímu við verk sín. Á þann hátt verða til hin mestu listaverk, hvort sem um er að ræða orðsins list eða aðrar listgreinar.

Halldór Laxness hefur sjálfur sagt frá því, hversu hugur hans tók að hneigjast til skrifta á ungum aldri. Ekkert hefur varðveist af þeim bernskuskritum, enda kveðst hann hafa brennt þeim öllum 12 ára gamall, þegar hann fór í fyrsta skipti að heiman í skóla. Elsta dæmi um rithönd hans eru þó fáein orð, sem hann paraði barnshendi sinni fárra ára gamall á litlið stafrófskver er faðir hans gaf honum og skýra sig sjálf: „Herra Halldór Guð-jónsson Mostfellssveit Kjósarsýslu á þessa bók. Hann pabbi hans gaf honum hana til þess að hann gæti lært að lesa.“ Elstu eiginlegu skrif hans, sem mér er kunnugt um og nú eru varðveitt hér í handritadeild, eru bréf frá honum til Hóllu Jóns-dóttur kennslukonu frá árinu 1915 og bréf til móður hans eftir að hann hleypti heimdraganum og hélt til útlanda 1919. Sé öllu til skila haldið ber einnig að nefna prófstil hans til gagnfræðaprófs frá 1918, sem er í stillagögnum Menntaskólans í Reykjavík. Í handritadeild er næst að nefna rytur af rauðu stílakveri, Rauða kverinu, frá 1921–22, verki sem aldrei var lokið, en hann tók ýmislegt úr og notaði í næstu verk, eins og hann sjálfur kemst

að orði. Næst er að nefna dagbók frá dvölinni í Saint Maurice klaustri í Clervaux í Lúxemborg frá árunum 1923, sem gefin hefur verið út undir nafninu *Dagar hjá mörkum*.

Handrit fyrstu bókanna, sem út komu eftir Halldór, það er frá *Barni náttúrunnar* 1919 til um 1930, hafa ekki varðveist, að undanteknum smærri brotum. Er þar að nefna tvö vélrit af hluta af *Alþýðubókinni*, sem kom út 1929, annað með miklum breytingum. Hitt eru nokkur blöð með hendi skáldsins, er tengjast samningu *Sólku Völu* og er að finna aftan á grein, er birtist í þriðja hefti *Íðunnar* 1930 undir nafninu *Kirkjan á fjallinu, höfuðrit Gunnars Gunnarssonar*. Þá er þess að geta að til eru drög eða eiginlega frumhandrit, sem nefnt er *Heiðin*, frá 1929, er síðar varð að *Sjálfstæðu fólki* og út kom 1934–35. Halldór notaði því hina prentuðu frumtexta við endurskoðun í sambandi við nýjar útgáfur elstu verkanna, svo þar má sjá síðari stílþróun þeirra sagna. Fyrri hluti *Sólku Völu* kom út 1931, og frá þeim tíma má fá allglögga mynd af þróun flestra eða allra höfuðsagna skálds-ins. Þá hafa einnig varðveist töluvert margar minniskompur Halldórs, einkum frá fjórða og fimmta áratugnum og síðar, sem eru ómetanlegar fyrir rannsóknir á tilurð margra hinna miklu verka frá þeim tíma. Kemur þar fram, að hann var stöðugt að leita fyrir sér um efni og punkta hjá sér það sem hann heyrði og sá eða las í iðu mannlífsins. Síðasta skáldverk, sem Halldór samdi að einhverju leyti á þann hátt að lifa sig inn í liðinn tíma með lestri handrita eða prentaðra verka í Landsbókasafni mun vera *Guðsgjafapula*, það er sagan um sildarkónginn Íslandsbersa, sem kom út 1972.

Af handritum Halldórs, sem varðveist hafa frá og með *Sólku Völu* má glögg sjá hversu gífurlegur afkasta- og jafnframt





kröluharður nákvæmnismaður hann hefur verið við ritun verka sinna. Hann er þrotlaust að semja upp og faga texta sinn, og er svo að sjá, að hann verði aldrei fullkomlega ánægður með verk sitt. Sem dæmi um þessa stílfágun má nefna, að hér eru varðveittar í handritageymslunni fjórar gerðir *Íslandskiðkunnar*, og nokkur uppköst að *Gerplu* þíða rennsóknar bókmenntafræðinga. Þegar lítið er á prófarkir, sem einkum eru varðveittar af síðustu bókum Halldórs, gildir hið sama og hér hefur verið sagt. Þar er ekki aðeins verið að leiðrétta ásláttarvillur setjara, heldur einnig breyta og bæta, svo lengi sem unnt er. Aldrei er slegið af kröfunum í hinni óendanlegu leit að fullkomnun í máli, stíl og efnistöðum.

Hér hefur ekkert verið minnst beinlínis á efni ritverka Halldórs Laxness, en víst er, að oft deildi hann hart á menn og málefni, eða með öðrum orðum það sem honum þótti miður fara í samfélaginu, og margir voru honum ósammála í ýmsum efnum. En hvað sem mönnum syndist um þær skoðanir, er lesa mátti í verkum hins mikla skálds, gat þó enginn er frá leið borið brögður á einstaka stílsníld hans. Að öðrum rithöfundum ólóstuðum, leyfi ég mér að fullyrða, að á sviði hins ritaða máls hafi hann borið af öllum í eigin samtíð.

Ógmundur Helgason



Steinskip á botni veruleikans Um Vefarann mikla frá Kasmír

Fáar íslenskar skáldsagnapersónur hafa háð jafn æðisgengna glímu við veruleikann og Steinn Elliði í *Vefaranum mikla frá Kasmír* (1927) eftir Halldór Laxness. Bókin hefur verið lesin sem leit margklófins nútímamanns að staðfestu og tilgangi í upplausnarástandi millistriðsáranna. Grimmilegt stríð hafði gert að engu trúna á framþróun og þroska mannsins sem kallaði á röttæka endurskoðun á gildismati nýrrar aldar er hafði hafist sem öld framfara og bjartsýni, visinda og tækni.

Steinn Elliði leitar inn á við, burt frá þessum grimma veruleika og heitir sjálfum sér því að leyfa engu framar rúm í sál sinni „nema fögnuðinum yfir hinni andlegu fegurð hlutanna.“ Hann hefur gert samning við drottinn um að verða fullkomnasti maðurinn á jörðu: „Brað mitt og vin er dýrð guðs á ásýnd hlutanna.“

Þetta er merkilegt orðalag sem er margendurtekið í bókinni. „Ásýnd hlutanna“ er yfirborðið, skynmynd veruleikans sem Steinn telur sig geta gætt merkingu og tilgangi með dýrð drottins, hinni andlegu fegurð. En ásýnd hlutanna, þessi einfalda skynmynd veruleikans, er ekki öll þar sem hún er séð. Diljá er helsta tákni hennar í sögunni en Steinn litur einmitt svo á að konan sé „hvorki meira né minna en hættulegasti meðbiðill guðs og keppinautur þar sem sál mannsins er í tafl.“ Og ólíkt hinni ófullkomnu mynd sem Steinn gerir sér af veruleikanum er Diljá hrein og sönn og heil í einfaldleika sínum.

Af þessu misræmi stafa innri átök Steins og ástarhaturssam-

band hans við Diljá. Hún er sárasta birtingarmynd veruleikans og hins veraldlega lífs sem Steinn vill yfirgefa til að komast inn í ríki guðs og fegurðarinnar. Til þess að komast þangað þarf hann að yfirstiga þær tilfinningar sem hann ber til Diljár (veruleikans). En Steinn er ófullkominn. Í veiklyndi sínu fellur hann fyrir freistingunni, fyrir jarðnesku afli konunnar sem dregur hann á tólar, sterkari en guðdómurinn og eilíf fegurðin því hún hefur engu að tapa: „Stundin er að koma, andvarpaði hún. Síðan máttu drepa mig.“

Ög Steinn viðurkennir ófullkomleika sinn, uppgjöfina fyrir hvótunum: „Ást karlmannsins til konunnar er hið elna sanna í lífinu. Alt í lífi minu er lygi, Diljá, guð og djöfullinn, himinn og helvíti, alt lygi nema þú.“ Hann viðurkennir að hafa barist við vindmyllur og enginn nái „dýrlegra takmarki en því að vera mennskur maður eins og guð hefur skapað hann. Eg kasta ham hins yfirmátturlega skrimslis og hef nýtt líf, mennskur maður, þegn í ríki veruleikans, einfaldur sonur þjóðar sinnar.“

En sögunni lýkur ekki hér. Í síðustu bók *Vefarans mikla* snýr Steinn Elliði frá einföldu yfirborðinu og helgar sig hinni guðlegu fegurð á ásýnd hlutanna. Hann gengur í klaustur í Róm.

Það virðist augljóst að lita svo á að sagan skilji við Stein sem hinn sterka einstakling sem sigrast á sjálfum sér, eins og Nietzsche talaði um. En það er í raun Diljá sem á síðasta leikinn í sögunni, í síðasta kaflanum þar sem fullkomnunarárátta Steins Elliða er afhjúpuð: „Fullkomnunarþrá hins ófullkomna er hinn jarðneski grundvöllur drottins kirkju,” segir þar og enn fremur: „Ef blekkingunni er svipt burt og maðurinn sér sjálfan sig fer honum einsog skoðfinnu: hann uppgóttvar að huggun finst hvorki á himni né jörðu, og deyr.“

Í lokakaflanum gefur sagan sterklega til kynna að Steinn Elliði



hall valð rangt í leit sinni að staðfestu og tilgangi. Það er augljóslega sterk samúð með Dilljá þar sem hún er niðurkomin í botnlanga veraldar, ástlaus og áttlaus: „Hæna mátti einu gíða um allar leiðir. Hún var komin til Rómaborgar, þangað sem allar leiðir liggja; nú er eingin leið framar rétt, eingin raung.“ Í Róm veltur mannkynssagan áfram „í mórauðum öldum“ Tiberfljóts en það „er meiningarlaus skopsaga, blönduð andatrú, sennilega eftir Arthur Conan Doyle, byrjar án upphafs og dettur botnlaus niður einsog danslekur í kirkjugarði.“ Og á leiksviði þessarar tragikómedíu gnæfir „Péturskirkjan, hinn ógnþrúgnni minnisvarði guðs kristni.“ Samkennd sögumanns með Dilljá endurspeglast kannski skýrast í niðurstöðu hans um þennan guð: „Jesús Kristur er skringilegur harðstjóri: óvinir hans krossfestu hann, og hann krossfestir vini sína í staðinn. Kirkjan er ríki krossfesta. Hvað máttu ástir vesallar skapaðrar konu gegn hinni heilögu kirkju Jesú Krists, sem er máttugri en sköpunarverkið?“ Með þessum lokakalla bókarinnar má aftur á móti segja að Steinn Ellíði sökkti með þungu nafni sínu af yfirborðinu ofan í dýpstu myrkur – steinskíp á botni veruleikans.

Halldór Laxness skrifaði sig frá kaþólskunni með *Vefaranum mikla*, eins og hann benti sjálfur á í *Alþýðubókinni* (1929). Með *Vefaranum mikla* afneitar hann einnig rómantískri upphatningu á hinum sterka einstaklingi en þess í stað kom írónsk og afhjúpandi þjóðfélagssýn sem landar hans fengu að kenna á. Steinn Ellíði skensaði um að veruleikinn væri í Kjósinni. Sá veruleiki varð einmitt umfjöllunarefni Halldórs í stærstu verkum hans.

Þróstur Helgason

Ljóðskáld í sagnalist

Halldór Kiljan Laxness notaði tækifærið í skáldsagnaævum sínum og vitnaði með velþóknun í dáið erindi sem hann hafði sett saman fyrir *Barn náttúrunnar*:

Dáið er allt án drauma
og dópur veróðin ...

Skáldið tekur fram að faðir hans hafi nefnt við sig ungan að hann hefði ekki vitað, að hann ætti til þessa hagnælsku. En það gladdi hann og hann geymir þessi orð fður síns með sér alla tíð. Hann segir, þegar hann litur um öxl, að svona mundi hann hafa ort, ef hann hefði orðið ljóðskáld, en ekki sagnskáld: „Þannig mundi ég líka yrkja núna“.

Þannig vitum við það var þessi ljóðræni strengur sem hann taldi mikilvægastan, þótt ekki varðveitti hann erindið í *Kvæðakveri*, eins og önnur þau ljóð sem hann hafði ort inn í sögur sínar, t.a.m. fyrir munn Ljósvikingsins og Bjarts.

Það voru sem sagt ekki framúrstefnuljóðin sem stóðu hjarta hans næst, en þau hafði hann ort um svipað leyti og hann skrifaði *Vefarann mikla frá Kasmír*. Þau eru að sjálfsgöðu birt í Helgafells-útgáfunni af *Kvæðakveri*, með sérstökum skýringum og viðhlitandi fróðleik.

Í þessu sérstæða kveri er rakinn ljóðrænn ferill Halldórs og fer ekki milli mála, að þar er á ferð afar persónulegt ljóðskáld sem hefur drukkið í sig stefnur og strauma samtímans, en leitar að lokum í þann fuglasöng sem berst úr tóninu heima.

Og þar unir hann sér bezt eins og sjá má af sagnabálkunum miklu, *Heimsljósi* og *Sjálfstæðu fólki*. Þar lætur hann erlend áhrif lönd og leið, en snýr sér að íslenskum alþýðukveðskap. Og jafnvel þegar hann yrkir „nútimaljóð“ fyrir munn Bjarts í Sumarhúsum leitar hann í ljóðljóð íslenskrar hefðar og yrkir (kannski með kvæði eins og harmljóð Björns í Laufási, *Sumarnótt*. Dags lit ég dýgjandi roða ... sem viðmiðun):

Spurt hef ég tíu milljón manns
sé myrtir í gamni utanlands.

Flestir skáldsagnahöfundar eiga ljóðrænan streng og geta leikið á hann, ef mikið liggur við. Á líkingamáli mætti segja að þeir geti spilað alivel á sög, en lengra nær sú kunnátta sjaldnast.

En fiðlan lék í höndunum á Halldóri Kiljan Laxness. Það skipti sköpum, svo fögrum tónum sem hann náði úr hljóðfæri sínu. Það sjáum við þegar í *Vefaranum mikla frá Kasmír* og þá ekki síður í þeim miklu epósum, eða ljóðsagnabálkunum hans sem bezt eru þekktir, *Heimsljósi* og *Sjálfstæðu fólki*. Þótt við ættum ekki *Kvæðakver*, væri hann vegna prósajóðanna þar talinn í hópi góðskálda íslenskra um sína daga.

Ungur haslaði hann sér völl sem frumherji í framúrstefnuskáldskap eins og sjá má af ljóðunum í *Rhodymenia Palmata* frá 1926 og þá ekki síður í „dýrasta“ kvæðinu í bókinni, eins og hann kemst sjálfur að orði, *Unglingnum í skóginum*, sem hann orti veturinn 1924–1925, eða um svipað leyti og „ég (var) að hugsa um efnið í *Vefarann mikla*“.

Hvað sem öðru líður eru þessi verk einhvers konar vörður á leið til formbyltingar sem varð alls ráðandi í íslenskri ljóðlist upp úr miðri öldinni.

Þessar vörður standa enn, enda óbrotgjarnar.

Þó var skáldið ævinlega með rætur í gamalli hefð, rétt eins og Bjartur, þegar hann keppir við „nútimaskáldið“ unga sem eignaði sér Ástu Sóllíju um skeið. Ljóð Bjarts heldur velli, en engar sögur fara af „nútimaskáldinu“ eða verkum þess, enn óortum.

Það varð svo hlutverk annarra skálda yngri að koma atómskáldskapnum á framfæri við fólkið í landinu, eins og kunnugt er.

En þótt Halldór Kiljan hefði ekkert ort annað en ljóðin í *Kvæðakveri*, væri hann ágætlega í sveit settur í íslenskri bókmenntasögu; góðskáld jafnt á bundið mál sem óbundið.

Það er mikið skáld sem breytir prósanum í sagnabálkunum tyrnnefndu í jafnmikla ljóðlist og raun ber vitni. Bæði í Ólafi Kárasyni og Bjarti eru langir kaflar sem vel hefði mátt birta í *Kvæðakveri* og þá á sömu forsendum og ljóðprósi Sigurðar Nordals þrýðir *Fornar ástir*.

Í krafti þessarar ljóðlistar hefur Halldór Kiljan jafnvel tryggt Sigurði Breiðfjörð og rímnakveðskap hans hlutdeild í þeirri kröfuhörðu veröld íslensks skáldskapar til forna, sem hefur fengið gæðastimpilinn heimsbókmenntir, svo að vitnað sé til þess tungutaks sem er allsráðandi á markaðnum nú um stundir.

Matthías Johannessen

Samfylgd

Bjartur í Sumarhúsum, einyrkinn sem metur sjálfstæði sitt svo fjarska mikils, þrjóskur, harður við sjálfan sig og aðra, raunar grimmur sínum nánustu, of stoltur til að geta þegið hjálp – þessi sögupersóna er hugtak í málinu, samgróinn íslenski tungu og þjóðarsál. Og margir skilja hann sem sanna hetju, öðrum finnst hann fátægur í harðneskjunni, skástur var kallinn í ósigrinum, segir Halldór Laxness á einum stað um þennan karakter sinn. Bjartur var maðurinn sem sáði í akur óvinnar síns allt sitt líf, dag og nótt, hvar getur betra efni í harmleik, og þó nærtækara?

Skáldskapurinn bjargar Bjarti í eftirleit, stírbúsalegur rimna-smekkurinn, dulin merking, hjúpun hugsunar í hrímað rim og klakastuðla, hugsunar sem oft er þó ósköp hversdagsleg; og þetta rimbjástur okkar verður helst skilið sem særingapúlur sem forðuðu okkur frá því að verða úti dag nokkurn á heiðinni, en varla sem bókmenntir.

Ásta Sóllilja, stúlkan sem honum er trúað fyrir, dóttir hans og þó ekki, stúlkan sem eiginlega var svikin inn á hann eins og kýrin og þó er hún það dýrmætasta sem hann á þegar upp er staðið; hann sættist við hana úr því hann er búinn að éta þjóf-stolið brauð, sættist við mykt og kærleik og samliðun; í rauninni er Bjartur að gerast kristinn þarna í lokin þegar hann hættir að vera þessi stolti harðnagli og vikingur, með því að sættast við Ástu varpar hann sjálfstæðishugsjón sinni fyrir róða, og því er sem sagan sé fyrri afrenna skáldsins að gagnrýni á hið vígreifa hetjuhugtak fornsagna okkar, en sú seinni kom í *Gerplu* og tókst

þar til fulls. Báðar fjalla þessar sögur um það hvernig hið mjúka sigrar hið harða og kristnin heiðnina: samliðun er betri en hefnd.

Er það hetjuskapur að hokra alla sína tíð á óræltiskoti og rækta lömbin prestsins? Er það hetjuskapur að standa dyggilega vaktina jafnvel þótt unnið sé fyrir vandan málsað? Hetjuhugsjón Bjarts kostar mannlíf, rétt eins og hetjuhugsjón Þorgeirs Hávarssonar í *Gerplu*. Hugsjónin er slæm; og þó er sagan hetjusaga.

Í einum kalla fjaldar gestur í túni Bjarts, það er auga skáldsins og auga okkar sem erum gestir í sögunni eins og skáldið, þar eru eins konar inngöngudyr sem minna okkur á að þó að við séum hluti þessarar sögu sem Íslendingar, afkomendur þrjóskra einyrkja og samtimamenn skáldsins, þá erum við þó gestir og eigum að sýna þá háttvísi sem sæmir og setjast ekki í dómarasetti yfir gestgjafanum sem leyfir okkur að skoða heim sinn daglangt; en höllumst þó að því að gígggt sé gestsaugað.

Stundlegir skotspærir í *Sjálfstæðu fólki*, svo sem Kreppulána-sjóður eða bændamærð framsóknarmanna, skipta engu máli nú; hins vegar verður manni starsýnt á atriði sem reynast munu sístæð: kotkonunginn í sögulok þar sem hann stendur eins og Útilegumaður Einars Jónssonar eða *Lér Shakespeares*, á Hallberu gömlu, ómmuna sem hefur þær dyggðir til að bera sem ganga eins og rauður þráður gegnum höfundarverkið, á auðugt og bragðsterkt málið, á þennan óumræðilega harmleik á jaðri mannlegs félags.

Bjartur verður þjóðinni samferða um langan aldur.

Árni Sigurjónsson

Sagnfræðingurinn Halldór Kiljan Laxness

Að bænum Fæti undir Fofafæti í *Heimsljósi* Halldórs Kiljans Laxness kom niðursetningur sem Jósep hét og fljótlega tókust með honum og Ólafi Káraeyni góð kynni. Jósep var tortrygginn í fyrstu, átti bágt með að trúa því að einhver „sneri sér til hans í einlægni“, eins og segir í skáldsögunni. En svo fór að Jósep sagði sögu sína:

Hvað um það, hann sá ekkert eftir því að hafa kynst skáldum. Sumir menn urðu ríkir og áttu barnaláni að fagna og settust í helgan stein á elfið; en þeir höfðu aldrei kynst skáldum. Hvers virði var þeirra líf? Ég hef mist sjö börnin mín fyrir augunum á mér, ýmist í jörðina eða sjóinn, sum uppkomin, sum dóu voveiflega, og ég hef mist móður þeirra, og alla mína nánustu ættingja hef ég mist, og sjálfur flosnaði ég upp og fór á hreppinn eftir að ég hafði búið í fjóruti ár á sama kotinu, en hvað gerir það líf? Minn vinur var Guðmundur Grímsson Grunnvíkingur. Hvenær sem var, þá var ég reiðubúinn að leiða eina kúna mína útúr fjósinu frá munninum á börnunum mínum, fyrir hann, ef þurfti. Ef ég ætti kost á að lifa allt mitt líf upp aftur, og eiga öll mín börn á lífi, en fara á mis við að kynst Guðmundi Grímssyni Grunnvíking, þá mundi ég ekki taka þeim kosti. Guðmundur Grímsson Grunnvíkingur er meistari og spekingur. Hann er áreiðanlega mestur meistari og spekingur sem nú er uppi á Norðurlöndum.

Þessi frásögn er sönn. Hún gerðist ekki í raunveruleikanum en hún er sönn í þeim skilningi að hún er lýsandi fyrir hugarástand

fólks sem ólst upp í þessari sömu alþýðumenningu og Halldór staðsetur sína frásögn innar. Hér er ekki átt við að allir hafi hugsað eins og Jósep gamli eða skynjað veruleikan á sama hátt og hann. Frásögnin hefur fyrst og fremst óbeina skýrskotun til saninleikans sem má skýra á eftirfarandi hátt. Margur maðurinn mátti þola ótrúlegar raunir á andlega sviðinu á þessu tímabili þegar fólk horfði upp á fjölskyldu, vini og vandamenn falla í valinn á besta aldri.

Frásagnir af slíki lífsreynslu eru fjölmargar í persónulegum heimildum og það sem gjarnan kemur á óvart er að á sama tíma var fólk í öða önn að víða að sér efni til lestrar og uppskrifta, í meira mæli en maður hefði getað vænst við aðstæður nítjándu aldarinnar. Óttlegasta fólk virtist hafa vera tilbúið til að fórna nánast öllu til að geta nært hugann af efni sem hóf það yfir strit hversdagsins. Í raun er Jósep ólgakennt dæmi um þá tegund einstaklinga sem hafa verið viðfangsefni margra einsöguranna-sókna; spegilmynd Ólafs Káasonar sjálfs og þar af leiðandi fyrirmyndarinnar, Magnúsar Hj. Magnússonar eins og hann birtist í dagbókum sínum.

Skáldið og fræðimaðurinn Halldór Kiljan Laxness hefur í verki sínu náð að skýra betur en flestir sagnfræðingar það ástand sem skóp órlög alþýðu landsins. Það er vegna þess að hann þorði að velja sér einstakling sem var langt frá því að vera dæmigerður; hann var utangarðsmaður á nær öllum sviðum mannlífsins. Það merkilega er að lýsing Halldórs á lífshlaupi sögupersónunnar virkar oft á tíðum sannari en dagbók Magnúsar sjálfs. Hún er einfaldlega sannari í hinum lístraena skilningi sagnfræðinnar og slíkt ná dauðlegir menn sjaldnast að galdra fram.

Sigurður Gylfi Magnússon



Íslandsklukkan og handritasöfnun Árna Magnússonar

Meðal þess sem Arnas Arnæus og Árni Magnússon eiga sameiginlegt er áfergja í áletrað skinn. Af þeim þráðum sem Arnas Arnæus er búinn til úr og mikilvægastir eru í *Íslandsklukkunni* sýnist mér fjarlægðin frá fyrirmyndinni vera minnst þegar vikið er að söfnun handrita – næstminnst í pólitík, þótt fullmikið sé gert úr sjálfstæðishugmyndum Árna, en mest í uppspunninni rómantik. Líkast til ræður því lögmál dramans, því orðugra er að gera handritaleit spennandi en ástína. Þetta er hins vegar í ófugu hlutfalli við mikilvægi þessara atriða í lífi Árna Magnússonar eins og hann birtist í þeim gögnum sem ein verða mér að liði; handrit og skjöl skiptu hann öllu máli, stjórnmál allnokkru en konur allt að því engu – og þó, því meðal rúmlega 200 Íslendinga sem Árni tók handrit hjá voru 22 konur.

Halldór Laxness kynnti sér augljóslega bréfasöfn Árna Magnússonar í útgáfu Kristians Kálund árin 1915–20, sem og ævisögu Árna eftir Finn Jónsson og það sem Finnur gaf út af seðlum og ritgerðum hans árið 1930. Þetta hefur Eiríkur Jónsson sýnt svo að ekki verður um villst. Halldór virðist aftur á móti ekki hafa lesið skrá yfir handrit Árna sem Kálund gaf út fyrir aldamótin 1900 með texta ótal seðla sem Árni skrifaði um einstök handrit. Þar hefði hann fengið margan feitan bita til að móða úr, en hafði svo sem nóg og þurfti ekki meira til að botna í og lýsa áráttunni. Líklega maetti komast mjög nálægt því að

greina ferlið í rannsóknnum Halldórs með athugun á kompum hans og uppköstum en mér virðist fljótt á litð sem hann hafi að einhverju marki unnið jöfnum höndum að skriftum og lestri. Það ræð ég af þeim mun sem er á fyrstu gerð Klukkunnar í handritinu Lbs. 4248 4to í handritadeild Landsbókasafns og útgefni bók: þekkingin virðist aukast um leið og stillinn stórbatnar. Þessu ætla ég að lýsa svolítið en síðan bera Arnas saman við Árna.

Úrvinnsla Halldórs Laxness á því sem hann þó vissi um handritasöfnun Árna veitir lesenda *Íslandsklukkunar* nákvæma tilfinningu fyrir því sem Árni gerði og var mikilvægasti skerfur hans til þjóðarinnar. Reyndar fer Halldór víða út í ófgar miðað við sagnfræðilegt sjónarmið, til dæmis þegar hann lætur Jón Marteinsson í löngu máli lýsa handritasöfnun Arnas, hérlandis sem erlendis:

Þær sem hann ekki hafði á kirkju loftum og í eiddúskrókum eða í mygluðum rúmbælium keypti hann af stórhöfðingjum og ríkisbændum fyrir jarðir og peninga þangað til allt hans fólk stóð uppi óreiga og var hann þó kominn af stórmönnum. Og þær sem höfðu verið fluttar úr landi elti hann uppi ríki úr ríki þangað til hann fann þær, þessa í Svíþjóð, þessa í Norvegi, nú í Sexlandi, þá í Bæheimi, Hollandi, Englandi, Skotlandi og Frans, já allar götur suðri Rómu. Hann keypti gull af okrum til að borga þær. Gull í belgjum, gull í kútum, og aldrei heyrðist hann þrúta um verð. Sumar keypti hann af biskupum og ábótum, aðrar af greifum, hertogum, kjörfurstum og stóikonungum, nokkrar af sjálfum páfanum; – þangað til búslóðarmissir og svarthoi blásti við.

Allt er þetta kolvitaust en er bara það sem Halldór gerði yfirleitt við sinn efnivið. Hann ýkti og skreytti og bætti við náði fyrir vikið



að veita nákvæmari, næmari eða betri skilning en hægt er með öðrum aðferðum ritlistar, til að mynda með sagnfræðilegri nálgun. Í því samhengi er sannleikurinn ekki endilega sagna bestur. Halldór gerði sér góðan mat úr vitneskju sem hann aflaði sér og þaulnýtti setningar sem hann hirti hér og þar úr bréfum, með cheyrlægri vinnu og árangri sem á sér engan líka.

Már Jónsson

Að búa til guð

Mig minnir að fyrstu kynni mín af „Atómstöð“ Halldórs Laxness hafi verið í félagsheimili í Njarðvíkum. Ég var í heimsókn hjá afa mínum og ömmu, sennilega á páskum, og leikfélag annars staðar af landinu var mætt í kantinn á sjálfum herflugvælinum til þess að segja heimatólki sögu norðanstúlkunnar. Ætli áhorfendur hafi ekki verið svona tóit, plús húsvörðurinn, og fór leikurinn fram úti á miðju gólfinu eins og tíðkaðist í upphafi sjöunda áratugsins. Andrúmslottið í salnum var rafmagnað meðan á syningu stóð og í hlénu fann ég glögggt að hér var sagt frá hlutum sem mjög hreyfðu við leikhusgestunum tíu. Og gott ef þeir hlutir voru ekki ræddir með þógninni þegar eftirmæli atómskáldsins um Óla figúru höfðu verið söngluð í síðasta sinn og Suðurnesjamenn tindust heim til sín í vornóttinni.

Sjálfur var ég kannski tíu ára gamall og hafði mest gaman af guðunum Benjamin og Brilljantin. Seinna, þegar ég var orðinn miklu eldri og margbúinn að læra allt um það hvað Halldór var að tákngera með einum og öðrum hætti í bókinni um Uglu, þá hafði ég enn mest gaman af guðunum – enda orðinn einn slíkur sjálfur og búinn að koma mér upp mínum eigin saltfiski. Sá var reyndar svo góður að hann tók hljóðfæri guðanna fram; hann var ósýnilegur.

Sjón



Ugla og Úa

Um þessar mundir eiga tvær konur hug minn allan. Það eru þær Jane Austen og blóðsugubani Buffy. Enska skáldkonan Jane Austen skrifaði nokkrar skáldsögur í byrjun nítjándu aldar sem lýstu daglegu lífi og ástum hefðarkvenna sem bjuggu við tiltölulega bág kjör og baráttu þeirra við að óðlast einskonar sjálfstæði og sjálfsverund í fastskorðuðu samfélagi síðvenja. Skáldsögur Austen þykja með því besta í enskri bókmenntasögu en þrátt fyrir það voru sporgöngukonur hennar sumar mjög gagnrýnar á hana eins og kemur fram í athugasemd Charlotte Brontë sem fannst bækur Austen algerlega lausar við tilfinningahita og erotik, persónurnar og agæðar og tamdar. Brontë bætti úr því sem henni fannst skorta á í tilfinningahita Austen og skrifaði hina hádramatisku *Jane Eyre*, en þar vantar sko ekki átökin og ofsann. Jane Eyre er hin geðþekka en látlausa kennslukona sem verður ástfangin af óðalseigandanum Rochester, sem er nokkru eldri en hún. Hann er hinsvegar að því er virðist hálftrúlofaður tegurðardis úr nágrenninu. Jane Eyre reynir að sannfæra sjálfa sig um að samkeppnin sé henni um megn og í því skyni malar hún mynd af keppinautum á filabeinsþynnu en rissar upp blýants-teikningu af sjálfri sér á grófan pappír og ber svo myndirnar saman. Líkt og Ugla segir þegar hún horfir á eiginkonu Búa Árland: „hún er úr postulini, ég úr leir.“ Ugla gerir fljótlega upp-reist gegn þeim síðvenjum sem eiga að temja hana í húsi Búa Árland, uppreist hennar er ekki aðeins hvað varðar skoðanir, því

hún er einnig líkamleg; bæði að því er varðar muninn á (leir)líkama hennar og (postulins) líkðum mæðganna og að því leyti sem hún tekur sig til og sefur hjá einmitt þannig manni sem frúin hafði varað hana við og þarf í kjölfar þess á vöggustofu að halda.

Þessi líkamlega uppreist minnir á hina rómantísku og tilfinninganaemu Mariónnu Dashwood í skáldsögu Austen, *Tilfinningar og trúnaður* (*Sense and Sensibility*), en Marianna hafnar líka hefðum samfélagsins og gerir kröfu til að lifa á eigin forsendum og verður, eins og Ugla, að taka afleiðingunum. Ugla minnir mig líka á aðra kvenhetju Austen, Elisabet Bennett í *Hroka og hleypidómum* (*Pride and Prejudice*) þegar hún segist ætla að læra á orgel, en Elisabetu var einmitt boðið að æfa sig í hilylum ráðskonunnar þegar hún var í heimsókn á finu setri. Henni skilst rétt eins og Ugla „hve fátánlegt var að heyra stóran digran kvenmann að norðan lýsa því í mentuðu húsi að hún ætlaði að læra á orgel.“

Allar eru þessar konur persónur, jafnframt því að vera persónugerfingar ákveðinna hugmynda og afla í samfélagi og skáldskap. Það sama á við um Úu, sem er þó enn mun tákna-rænni en fyrrnefndar konur til samans, enda virðist hún vera samnefnari fyrir margar konur. Úa er móðir, kona og meyja, hún er að því er virðist tvígift og hefur dvalist bæði í hóruhúsi og klaustri, auk þess sem hún á heima í öllum heimshörnum. Enda er hún ekki auðhöndlanleg því „heldur hefur þótt við brenna að þær væru slakar eiginkonur, ekki aldæla þrátt fyrir þetta góða hold.“ Úa er fugl og Úa er fiskur en kannski fyrst og fremst er hún fjallkonan, hún kemur úr jöklinum og hún er táknmynd náttúru Íslands. Ættkonur Úu eru „hreinastar konur undir Jökli“,

þær hvorki borða, sofa né lesa, en eru samt feitar, velvakandi og lærðar. „Skrýtnast af öllu þó, að þær eldast ekki. Þær hverfa einn góðan veðurdag eins og fuglar en hrörna ekki; einlægt jafn ernlegar og Þórgunna; meira að segja ganga aftur.“ Sem slík er Úa mýtisk vera, enda á hún rætur sínar að rekja aftur í aldir til kvenpersóna Íslendingasagna og þjóðsagna „um dularfulla konu; stundum eina, stundum fans. Stundum hefur kona þessi tekið á sig mynd af óviðkunnalegum farángri.“ Sögurnar lýsa ýmist Þórgunnu galdrakonu úr *Eyrbyggju*, eða ensku- eða írsk-spænsku – aðalsfrúnni Úrsalei. Og Úa er ekki bara þjóðsögn heldur ákaflega mikil kona, hold hennar er einstakt, enda hafa skilvisir fræðimenn fullt „að holdafar í ætt Úrsaleiar hafi verið því líkt að konum þessum hafi einna helst verið líkjanda til kvenna sem í dagblöðum eru nú kallaðar bombur“. Margt þetta á hún sameiginlegt með blóðsugubananum Buffy. Hann er bandarísk fjöldaframleiðsla – Buffy er aðalhetja í sápuóperu með hrollvekjuvafi sem lýsir því hvernig 16 ára stúlka uppgötvar að hún er hin útvalda hetja sinnar kynslóðar; hetja sem stendur eins og ljós í myrkri gegn hinum margvíslegu illu öflum heimsins, vampýrum, djöflum, nornum og öðrum skrymslum. Þessi barátta fer oft á tíðum illa saman við hennar daglega líf og skólagöngu og ekki einfaldar það málið að hún finnur sig dragast mjög að einni vampýrunni, sem vissulega er geðþekkari en blóðbræður hans. Buffy er því líkt og Úa hálf-mýtisk vera, hún er sú nýjasta í langri keðju blóðsugubana sem nær aftur í aldir. Jafnframt er hún líka nautnamikil kona sem daðrar skammílaust við varasama menn og hold hennar er ákaflega eftirsótt. Önnur bandarísk sjónvarpssápa segir frá hinni ungu norn Sabrinu sem líkt og Úa getur látið sig birtast og

hverfa að vild, og allar þrjár eiga auðvelt með að snúa karlmönnum í kringum sig, draga þá inn í ævintýri sín og breyta lífi þeirra varanlega.

Augljóslega er ég hér að fara framúr sjálfri mér í því að reyna vera sniðug: þessir samanburðir ganga alls ekki upp – sérstaklega ekki samanburðurinn við Buffy og Sabrinu sem eru báðar líkari álfakroppnum Aldinblóði en hinni holdgöðu Úu. En hvað á kona að skrifa um konurnar hans Laxness? Þetta eru konur sem ég hef alist upp með og hafa sett sitt mark á mig og sýn mína á konur; líkt og þær hafa sett mark sitt á hugmyndir Íslendinga um konur og kvenmyndir. Og þetta hafa verið góðar fyrirmyndir, sterkar, flottar þur sem rokka. Kvenpersónur Laxness kovera allan skalann af kvenmyndum, þær eru bæði klassískar og nútímalegar – og það er það sem ég er að reyna að sýna með þessum fremur fjartæga samanburði. En það sem gerir þær svo varanlegar er þessi ýkta tákngerfing sem Laxness beitir: utaná Úu sérstaklega en einnig Ugla er hláðið svo miklum tákngerf-ingum kvenna og kvenimynda að þær gætu auðveldlega orðið að tónum tákmyndum eins og svo margar kvenpersónur íslenskra skáldsagna – en þær eru það ekki, mitt í öllum látunum þá er þarna alltaf að finna sólíð, venjulegar og kunnuglegar konur.

Úlfhildur Dagsdóttir



„Teater“ Halldórs Laxness

„Íslendingar vilja bara heyra sögu, en bera yfirleitt lítið skyn á sjónleik“, sagði Halldór Kiljan Laxness eitt sinn, eftir að hann var tekinn að spreyta sig á leikritagerð á efri árum, og bætti við: „Teater hefur lengstum verið fyrir utan líf þeirra og hugsana-gang“.

Það er ekki óeðlilegt að landinn spyrji á móti hversu mikið skyn Halldór sjálfur hafi borið á sjónleiki og „teater“. Svo mikið er víst að ekki náði hann til þjóðar sinnar í gagnum þann miðil nema að mjög líðu leyti. Hin frumsömdu leikrit hans féllu yfirleitt í grýttan jarðveg þegar þau komu fram og síðar hafa flestir viljað líta á þau sem hliðarspor á ferli hans. Áhugavert hliðarspor kannske, en hliðarspor eigi að síður.

Eða var það kannski leikhúsið sem gat ekki fylgt skáldi sínu eftir á fluginu, nema þá takmarkað, og gert veigamestu leikritum hans, *Strömpleiknum*, *Þrónastofunni Sólinni* og *Dúfnaveislunni*, þau skil sem þau verðskulda? Þessi verk ganga þvert á þá raunsæishefð sem var lengi mjög ríkjandi í íslensku leikhúsi. Þau eru kostuleg hræra ýmiss konar stíltegunda og leikbragða úr ólíkum áttum; söguþráðurinn slitróttur og ekki trúverðugur á mælistíku realismans; persónur flestar með miklum skopmyndabrag. Líftaug þeirra er biturt háð um gróðahyggju og fjármálaspillingu nýrakra Íslendinga sem skortir ræktaða menningu og siðlagun erlendrar borgarastéttar. Fegurðarstjórinn í *Þrónastofunni Sólinni* er t.d. á leið beint til útlanda með það fé sem hann hefur sviðið út úr því opinbera,

þar sem hann hyggst ganga að eiga fegurðardisina Moby Dick. Fyrirgefist manni að verða hugsað til kvótakóna okkar daga? Innsæi Laxness í myrkviði þjóðarsálarinnar virðast hafa verið fá takmörk sett.

Halldór Kiljan Laxness kom á sinni löngu ævi með ýmsum hætti að íslensku leikhúsi. Hann birti t.d. nokkra leikdóma snemma á fjórða áratugnum, dóma sem eru tvímælalaust með því besta sem hér hefur verið skrifað af því tagi. Þar gagnrýndi hann ótæpilega það sem hann taldi vera viðvaningshátt íslenskra leikara og krafðist faglegri vinnubragða. Þegar Íslendingar höfðu loks eignast atvinnuleikhús tveimur áratugum síðar varð hann meðal fyrstu höfundu til að prófa þetta nýja tæki. Hvað sem mönnum finnst um leikrit hans, verður það ekki af honum haft. Hann gerði það sem hann gat til að búa til „teater“ handa Íslendingum.

Jón Viðar Jónsson

Miðaldafræðingurinn Laxness

Halldór Laxness samdi rit af ýmsu tagi á langri lífsleið. Ber þar hæst skáldsögur hans, en ljóð og leikrit hans eru einnig meðal þess besta sem unnið var á þessu sviði á Íslandi á 20. öld. Hins vegar hafa fræðimenn veitt ræðum og ritgerðum Laxness minni athygli, enda þótt margt á þessu sviði hafi verið tekið saman í greinasöfn sem flestum eru aðgengileg. Má þar nefna skrif hans um þjóðfélagsmál, ekki síst *Alþýðubókina*, en einnig ritgerðir hans um bókmenntir og listir. Hér er ekki rúm til að rekja það allt, en bent á skrif hans á einu sviði, um íslenska miðaldamenningu. Áhugi skáldsins á henni hefur ekki farið fram hjá neinum, sem lesið hefur *Gerplu*, en Halldór gerði einnig fræðilegar athuganir á ýmsu sem varðaði íslenskar heimildir.

Í „Minnisgreinum um fornsögur“ (frá 1945) tekur skáldið svo til orða um athuganir sínar: „Ég vil þó taka það fram, svo einginn haldi mig lángi að villa á mér heimildir, að sjálfur hef ég eingar sjálfstæðar rannsóknir gert, hvorki í fornsögum né öðrum efnum. Um hvert fróðleiksatriði sem finnst kann í þessum greinum er vitnað til vísindamanna sem ég treysti. Reyndar er óvilda drepli á önnur atriði en teljast mega almenns eðlis, kunnir hverjum manni sem áhuga hefur á fornum bókmenntum. Ef þessar greinar hafa nokkurt gildi er það af því að rithöfundur dragur ályktanir af hlutum sem almenningur er vanur að fræðimenn fjalli um einir.“ Þessi hógværu orð eiga vel við Minnisgreinarnar, að því leyti að skoðanir Halldórs falla að ýmsu leyti saman við það sem helstu fræðimenn á sviði

fornbókmennta héldu þá fram í ræðu og riti, ekki síst Sigurður Nordal. Halldór leggur mikla áherslu á sérstöðu norrænna bókmennta og telur slíkt djúp „á milli íslenskra bókmennta og evrópskra á þessum tíma að skilríkur lesandi hnýtur um kristilega lítað orðtak í hinum bestu ritum vorum, og setning, þó ekki sé nema orð með klerklegum blæ verkar einsog einhverskonar aðsótt truflandi gys sem á þarna ekki heima, falskur tónn“. Þegar þetta var samið átti Halldór eftir að semja *Gerplu*, en skoðanir hans og viðhorf héldu áfram að mótast á meðan þeim skrifum stóð.

Þessa viðhorfsbreytingu má sjá í greinasafninu *Vinlands-punktur*, sem kom fyrst út 1969. Skáldið er hógvært sem fyrr og tekur fram í formála að hann sé „ekki sérstakur fræðimaður í þeim greinum sem ritgerðir þessar fjalla um, ekki einusinni viðvaningur, heldur leiddist af sérstökum ástæðum úti miðalda-sögu og varð af þeim ástæðum velunnari slíkra fræða.“ Segir hann að kverið sé „afþreying í því að hugsa um miðaldirnir af skynsamlegu vili og ekki samkvæmt steinrunnum rétttrúnaði sem hnelgist til að sniðganga sannprófanlegar staðreyndir“. Orðafarið í þessum formála gefur til kynna það, sem síðan má sjá af ritgerðunum í bókinni, að afstaða Halldórs til hugmynda fræðimanna um íslenskar miðaldabókmenntir sé orðin önnur en fyrr.

Meðal þess sem lét á sjá var hugmyndin um sérstöðu íslenskra bókmennta. Halldór er þvert á móti orðinn gagnrýninn á það hversu mjög saga Íslands er skoðuð án þess að setja hana í samhengi við það sem var að gerast í Evrópu á sama tíma. „Tómlæti mörlandans, einsog norðmenn kölluðu eyarskeggja-hug okkar snemma á öldum, hefur meðal annars tekið á sig



mynd sagnfræðilegrar innanhéraðsstefnu sem einalt verður helsti öfgakennd, stundum ofstækistull.“ Á öðrum stað í þessu riti segir hann: „Sannleikurinn er sá að forn fræði íslensk hljóta að verða Íslendingum mýstík á mismunandi háu stigi meðan þeir rekja fræði sín innani lokuðu kaðsali líku geimfari sem snýst í hringi einhversstaðar fyrir utan heiminn. Íslensk fræði eru því aðeins mýstísk að þau sé stunduð án teingsla við evrópsk miðaldafraði sem þau eru ekki aðeins órjúfanlega bundin, heldur ósundurskillega samkolka.“ Halldór vildi bæta úr þessu með því að gefa meiri gaum erlendum miðaldasagnarritum, t.d. *Gesta Hamburgensis Ecclesiae Pontificum* eftir Adam frá Brimum, og bera þau saman við íslensk rit, ekki endilega vegna þess fróðleiks sem í þeim var heldur sem „dæmi um ólíka sögu-skoðun íslenska og þýska varðandi 11tu öldina“. Var hann þar alþjóðasinnaðri en flestir íslenskir fræðimenn voru á hans tíma og eru jafnvel enn. Hugmyndin um sérstöðu Íslands er hortin þegar Halldór Laxness segir nú frá þeim fæinu Íslendingum sem fóru til náms út í löndum á 11. öld: „Þeir komu vítanlega heim aftur sem latínurnenn.“

„Fáar bækur hafa í þeim mæli sem Landnáma verið gerðar að undirstöðu þjóðrembingis og lýðskrums“, segir Halldór Laxness í seinustu grein *Vinlandspúnktu*. Markmiðið með hans eigin skrifum var allt annað.

Sverrir Jakobsson



Þar ríkir fegurðin ein – Öld með Halldóri Laxness

Sérútgáfa af *Ritmennt*
ársriti Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns 7 (2002)



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN
2002